

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Skarðshlíð, 2. áfangi. Drangsskarð 11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 17. febrúar 2021 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfangi. Breytingin nær til lóðarinnar við Drangsskarð 11.

Í breytingunni felst að húsin verða tveggja hæða í stað einnar. Byggingarmagn helst óbreytt og í samræmi við gildandi skipulag. Hluti sökkulrýmis verður nýtt sem geymsla í samræmi við greinargerð skipulagsins. Breyting verður á hæðarkótum húss. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Skarðshlíð, 3. áfangi. Tinnuskarð 24.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 23. mars 2021 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfangi. Breytingin nær til lóðarinnar við Tinnuskarð 24.

Í breytingunni felst að fjölgað er um eina íbúð og þær verða 5 í stað 4. Breyttur byggingarreitur og bílastæði. Gólfkóti er hækkaður um 0,5 m, kóti í baklóð lækkaður um 1,35-1,5 m. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Skarðshlíð, 2. áfangi. Hádegisskarð 31.*

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar 5. maí 2021 samþykkti skipulagsfulltrúi breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfangi. Breytingin nær til lóðarinnar við Hádegisskarð 31.

Í breytingunni felst að tvíbýlishúsi er breytt í einbýlishús og byggingarreitur er aðlagður til samræmis við aðrar einbýlishúsalóðir í götunni. Byggingarmagn minnkar. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 12. maí 2021.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Gunnþóra Guðmundsdóttir** arkitekt.